

Plast endurvinnsla

Plast er tegund efnis sem verður til af manna völdum og fyrirfinnst ekki í náttúrunni en er þó búið til úr náttúrulegum efnum. Plast er samsett úr löngum sameindum sem nefnast fjölliður og myndast úr raðtengdum atómum.

Yfirleitt eru það raðtengd kolefnisatóm en í sumum gerðum fjölliðukeðja t.d. í næloni er einnig að finna súrefnis og nituratóm. Fjölliður verða til við hreinsun og vinnslu jarðolíu eða þegar hvarfgjarnar gassameindir blandast við hvataefni og hvarfast í langar sameindakeðjur.

Fjölliður geta verið einfaldar, línulegar, aðgreindar eða samsettar keðjur. Slík mismunandi form fjölliðukeðjanna hafa áhrif á eiginleika plastefnisins en myndun þeirra má stjórna með aðstæðum við plastframleiðsluna.

Eiginleikar plastsins ráðast því af lengd, bindingu og þeirra grunneininga sem bundnar eru við keðjurnar. Eiginleikar plast fara eftir því hvaða grunneiningar eru í því t.d. er Klóreten grunneining í PVC- plast fjölliðum.

Hér ber að líta útlitun á flokkum plastefna. Númeramerking plastefna gefur til kynna um hvaða plastefni ræðir og einnig í hvað hver flokkur fyrir sig er nýttur til í endurvinnslu.



Þessi flokkur plastefna samanstendur af plasttegundinni Polythylene terephthalate. Þessi tegund plastefna er mikið notuð til framleiðslu á gos og vatnsflöskum, sósu og olíubrusum, matvælaílátum og brúsa. Polythylene terephthalate má nýta til endurvinnslu og búa til flísefni, trefjar, plastpoka, mottur, aðrar tegundir ílát og umbúða og plast húsbúnað. Plastiðjan notast við PET til framleiðslu á flöskum.



Þessi flokkur samanstendur af high density polyethylene plasts. HDPE er mikið notað í framleiðslu á umbúðum undir ýmsar tegundir efnavöruumbúða eins og þvottaefni og hreingerningarbrúsa og sjampó brúsa. Polythylene er einnig notað til framleiðslu á matvælaumbúðum eins og bökkum, dósum, ílátum, drykkjarmálum, töppum og dollum. high density polyethylene. HDPE er endurnýtt í þvottaefnisbrúsa, olíubrúsa, penna, ílát, gólfefni, rör, húsbúnað og fleira. Plastiðjan notar HDE plastefni við framleiðslu á töppum.



Þessi flokkur plastefna samanstendur af polyvinyl Chlorid eða PVC plasts. Þessi flokkur plastefna er nýttur til framleiðslu á fatnað, plast utan um rafmagnsvíra og ýmsar tegundar lagna svo fátt eitt sé nefnt. PVC plast er endurnýtt í veggklæðningar.



Low density Polyethylene eða LDPE er tegund plasts sem notað er til framleiðslu á mjúkum plastflöskum, plastpokum, plast töskum, fatnað, teppi og húsgögn. LPETE er endurunnið í ruslatunnur, plast fötur, veggklæðningar, gólfefni svo fátt eitt sé nefnt.



Polypropylene eða PP er notað til framleiðslu á flöskum, brúsum, töppum, sogrórum, lyfjaglösom auk annarra. PP er endurunnið í sóða, bursta, hulstur fyrir rafhlöður, plastbakka, tunnur og þess háttar. Hátt bræðslumark er eiginleiki PP plasts og það því oft endurunnið í hitaþolnar vörur. Plastiðjan notar PP í

jógúrdósir, skrdósir, og drykkjarmál.



Polystyrene eða PS er nýtt til framleiðslu á einnota diskum og bollum, matvælapakkningum, bökkum, lyfjaumbúðir, og þess háttar. Polystyrene er endurunnið í einangrunarplast, innstungur, reglustrikum, frauðplast svo fátt eitt sé nefnt.



Þessi flokkur inniheldur blönduð plastefni og allar aðrar plasttegundir en þær sem listaðar eru upp hér að ofan.